

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hrafnaklettur 4 úr landi Skarðs 2, landnr. 166595.

Deiliskipulagið tekur til nýrrar 7.020 m² frístundalóðar úr landi Skarðs 2, landnr. 166595 sem fær nafnið Hrafnaklettur 4. Heimilað er að reisa tvö hús, annað allt að 160 m² tveggja hæða frístundahús og minna hús allt að 40 m² að stærð. Heimilað byggingarmagn á lóðinni er alls 200 m² sem samsvarar nýtingarhlutfalli upp á 0,028. Mænishæð er að hámarki 8 m frá óhreyfðu landi, mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2018.

Með þessari auglýsingu fellur úr gildi auglýsing nr. 178/2019 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2019